

Alþingi  
Alsherjar- og menntamálanefnd

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1055*  
*komudagur 13.2.2014*

**Pétur H Hannesson**  
**Yfirlæknir Röntgendeildar**  
**Landspítali Háskólasjúkrahús**

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni (268. mál).**

Hjá röntgendeild Landspítalans starfa 15 lækna sem allir nota dikteringar til þess að útbúa sjúkraskrárgögn. Þetta er stór hluti röntgenlækna á landinu og svara þeir um 120 þúsund rannsóknnum árlega. Dikteringar eru ritaðar upp af lækna riturum og niðurstöðurnar eru svo birtar þeim lækni sem er að meðhöndla þann sjúkling sem við á.

Það er mjög mikilvægt að flýta þessum ferli þannig að sjúkraskýrslur verði tilbúnar eins fljótt og hægt er eftir að greiningu er lokið. Þannig tryggjum við öryggi sjúklinga okkar og gæði þjónustunnar sem best.

Í nágrannalöndum okkar fer ritun sjúkraskýrslna oftast fram á sjálfvirkan hátt með aðstoð talgreiningar. Þetta væri mögulegt að gera hér á landi ef til væri talgreining fyrir íslensku. Röntgendeild Landspítalans styður því eindregið þessa tillögu og leggur til að Alþingi samþykki hana.

13. febrúar 2013.

Virðingarfyllst,



Pétur H Hannesson yfirlæknir.